

**Sp.**

**466. Fyrirspurnir.**

[224. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um útgáfu lagasafnsins.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hvað veldur sífelldum drætti á nýrri útgáfu lagasafnsins?

Er ný útgáfa lagasafnsins væntanleg innan langs tíma?

Hefur nokkuð verið athugað um útgáfu reglugerðasafns jafnframt útgáfu lagasafnsins, eða sérstaklega, og ef svo er, hvað líður þá undirbúningi þess máls?

II. Til ríkisstjórnarinnar um fyrirhugaðar framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri (Strákavegi).

Frá Gunnari Jóhannssyni.

1. Hvaða ákvarðanir hefur ríkisstjórnin tekið um framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri á þessu eða næsta ári?
2. Hefur verið fengið lán til framkvæmdanna? Ef svo er, þá hvar og hve mikið?